

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi vændis.

Mannréttindaskrifstofan er sammála efni tillögunnar og mælist til þess að hún verði samþykkt.

Samkvæmt upplýsingum sem Mannréttindaskrifstofan hefur er verið að vinna að könnun á eðli og umfangi vændis á Íslandi á vegum dómsmálaráðherra og er niðurstaðna þeirrar könnunar að vænta í byrjun árs 2001.

Mannréttindaskrifstofan fagnar því að verið sé að skoða þessi mál og telur að sú tillaga sem sett er fram í þingsályktunartillöggunni um að skipaður verði þverfaglegur vinnuhópur til þess að halda þessari athugun áfram og koma fram með lausnir og viðbrögð við vændi sé farsael leið til þess að bregðast við þeim vandamálum sem tengjast vændi. Í því samhengi má til dæmis benda á að í umræðu um vændi á alþjóðlegum vettvangi hefur verið lögð áhersla á nauðsyn þess að það séu fyrir hendi virk úrræði til þess að aðstoða þá einstaklinga sem leiðst hafa út í vændi til þess breyta lífi sínu.

Varðandi þann þátt tillögunnar er lítur að öðrum hópum en konum vill Mannréttindaskrifstofan benda á að það kom fram í nýrri skýrslu ECPAT um framfylgni við framkvæmdaáætlun Fyrstu Heimsráðstefnu um Misnotkun á Börnum í Kynlífsiðnaði, sem haldin var í Stokkhólmi 1996, að ekkert er vitað hvert umfang barnavændis er á Íslandi, ef það er fyrir hendi. Í því samhengi minnir Mannréttindaskrifstofan á ákvæði barnasáttmála Sameinuðu bjóðanna er lúta að misnotkun á börnum í kynlífsiðnaði.

Einnig leggur Mannréttindaskrifstofan til að vinnuhópnum verði falið að yfirfara allar þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og lúta að mansali til kynlífssprælkunar og að sett verði fram lög til að framfylgja þeim skuldbindingum.